



Alþingi  
Erindi nr. P 122/180  
komudagur 21.11.'97

Héraðsdómur Austurlands —

Egilsstöðum 18. nóvember 1997

Nefndarsvið Alþingis,  
Þórshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík.

Allsherjarnefnd hefur með bréfi dags. 6. þ.m. sent Héraðsdómi Austurlands til umsagnar frumvarp til laga um um dómstóla, 176. mál.

Almennt eru ekki gerðar athugasemdir við breytingar á dómstólaskipan, enda er það meira mál en svo, að vinna megi það á viðhlítandi hátt á svo skömmum tíma sem til þess er veittur.

Um einstök atriði varðandi héraðsdómama, er aðeins eitt, sem rétt þykir að nefna.

Í greinargerð með frumvarpinu, kafla II.9. ræðir um dómarafulltrúa og þeirra veiku stöðu í dómskerfinu, með tilliti til þess, að þeir geta ekki talist nægilega sjálfstæðir miðað við alþjóðlegar kröfur.

Í frv. er lagt til, að stöður fulltrúa verði lagðar niður og í stað þeirra komi stöður aðstoðarmanna, sbr. 17. gr. frv.

Ekki er í frv. gerð nánari grein fyrir verksviði aðstoðarmanns, en í grg. er talið að lesa megi það út úr starfsheitinu. Sá megin munur yrði á starfi aðstoðarmanns og fulltrúa, að aðstoðarmanni væri ekki heimilt að gegna þeim dómstörfum, sem fulltrúar gegna nú.

Nú er verkaskipting sennilega víðast sú, að dómarafulltrúar vinna öll þau dómstörf, sem lög heimila og embættisdómarar vinna að mestu þau störf ein, sem þeim einum er heimilt að vinna.

Ekki þarf að gera ráð fyrir því, að verkefnum dómstólsins, þ.e. dómstörfum muni fækka og ekki er gert ráð fyrir að dómurum verði fjölgað, sbr. 12. gr. frv. Munu því öll dómstörf sem fulltrúar hafa unnið til þessa, bætast á dómarana. Ef ekki er beinlínis gert ráð fyrir, að dómarar séu nú verkefnalitlir, hlýtur að vera ljóst, að sú breyting, sem lögð er til í 17. gr. frv. er með öllu ótæk.

Allar breytingar verða að hafa sér markmið. Í grg. kemur fram, að markmið breytingarinnar sé að ráða bót á ósjálfstæði dómarafulltrúa. Það markmið næst ekki með því að leggja niður stöður þeirra.

Eðlilegri lausn og í raun sjálfsögð, eins og reyndar er bent á í greinargerðinni, er að styrkja stöðu fulltrúanna með því að veita þeim það sjálfstæði, sem talið er skorta. Hvert yrði stöðuheiti “fulltrúa”, sem starfar sjálfstætt og á eigin ábyrgð mætti að sjálfsögðu athuga nánar, en eðlilegast væri að horfast í augu óhjákvæmilega afleiðingu þess að fylgja hinum alþjóðlegu meginreglum, nefnilega að gera þá að fullgildum dómurum.

Virðingarfyllst,



Logi Guðbrandsson,

héraðsdómari